

Aðalfundur Hvanneyrarbúsins ehf.

31.03. 2023

Skýrsla stjórnar

Frá síðasta aðalfundi félagsins í mars 2022 hefur verið haldnir tveir formlegir stjórnarfundir, þann 15. mars 2022 og 1. febrúar 2023. Samskipti hafa að öðru leyti verið í gegnum tölvupóst.

Formaður félagsins er Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðrir stjórnarmenn eru Baldur Helgi Benjamínsson, búfjárfæðingur og bóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði og Pétur Diðriksson, bóndi á Helgavatni í Þverárhlið. Bústjóri er Egill Gunnarsson og fjósameistari er Björn Ingi Ólafsson. Fundargerðir stjórnarfunda, ársreikningar og skýrslur stjórnar eru birtar á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, www.lbhi.is. Milli funda hafa stjórnarmenn og bústjóri átt í samskiptum vegna málefna sem varða félagið, rekstur þess, stefnu og framtíðarhorfur.

Tilgangur félagsins er að reka á hagkvæman hátt kúabú á Hvanneyri í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Tölur frá fyrra ári eru í sviga. Innlögð mjólk árið 2022 var 520.152 (559.398) lítrar með 95% mjólkurnýtingu, 4,05% (4,04%) fitu og 3,38% (3,33%) próteini, mfm líftölu var 14 (12) og mfm frumutölu 88 (71).

Hlutfall fitu og próteins stóð svo að segja í stað frá fyrra ári líftala var nær óbreytt og hækkaði en varla svo að nokkru næmi. Þannig að heilt yfir er staða mjólkurgæða mjög jákvæð en stundum vantaði upp á stöðugleika þeirra þannig að búíð fékk ekki greitt fyrir úrvalsmjólk í nema 9 mánuðum. Arskýr á búinu voru 73,5 (77,4) sem að meðaltali skiluðu 7.389 (7.638) kg mjólkur eða 7.077 kg (7.227 kg) í innlagðri mjólk.

Heildarinnlegg búsins olli nokkrum vonbrigðum en nyt gaf verulega eftir seinni hluta ársins, má einkum rekja það til lélegra gróffóðurgæða á há frá sumrinu 2021 auk annarra þátta. Meðalnytin er heldur varla viðunandi ef búíð vill og ætlar að vera í fararbroddi á landsvísu.

Horfur á árinu 2023 benda til þess að það takist að skila um 540-550 þús. lítrum, en margt er þó óráðið enn t.d. gæði fódurs. Nyt hefur þó verið vel viðunandi eftir að gróffóður frá sumrinu 2022 hefur verið eingöngu gefið, en vegna þess að græn fóðuruppskera var lítil er hætta á að nytin gefi eftir þegar það hefur verið uppgefið og gefa þarf annað fóður í staðinn.

Rekstur félagsins gekk sæmilega á árinu 2022 þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður. Skemmst er að minnast þess að tilbúinn áburður tvöfaldaðist í verði og gróft á skotið hækkaði einingaverð á kjarnfóðri um 20% á árinu 2022 og hafði þó hækkað síðustu mánuði ársins 2021, verðbólga hefur verið nálægt 10% allt árið, vaxtakostnaður á lánsfjármagni hefur hækkað verulega í takti við stýrivaxtahækkanir og erfiðar launaviðræður á almennum launamarkaði hafa hækkað verð á annari vöru og þjónustu. Reynt var að minnka áburðarkaup án þess að það kæmi niður á uppskeru og fóðurgæðum, var einkum tvennt sem var forsenda þess. Annarsvegar kaup á niðurlagningarbúnaði á haugsugu en niðurlagning tryggir að áburðarefni í mykju nýtist mun betur til grasvaxtar en með hefðbundinni yfirborðsbreiðslu. Hinsvegar hefur frá árinu 2016 verið borin umtalsverður skeljasandur í flög sem á að hækka sýrustig og plöntunæringarefni nýtast betur (einkum fosfór), þannig mátti draga úr áburðarþörf.

Þrátt fyrir þetta var reksturinn í meginþáttum í samræmi við þær áætlanir sem stjórnendur félagsins lögðu upp með. Munaði um að þrisvar á rekstarárinu hækkaði verðlagsnefnd búvara lágmarksverð á mjólk og stjórnvöld komu til móts við skyndilega hækkan á áburðarverði með einskíptis framlagi (sprettgreiðslur) sem var greitt út á landgreiðslur og jarðræktarstyrki.

Heildartekjur félagsins voru 110.908.066 kr., en gjöld fyrir fjármagnsliði voru 109.932.522 kr. Hagnaður félagsins á árinu eftir fjármagnsliði var 433.244 kr. Stjórn leggur til að hagnaður félagsins leggist við eigið fé þess. Áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir tekjuafgangi þannig að halda megi áfram að byggja upp eigið fé félagsins, búa í haginn fyrir áframhaldandi endurnýjun á tækjum, búnaði og ræktun, ásamt því að efla fjárhagslegan styrk Hvanneyrarbúsins. Eigið fé félagsins jókst um 1,05 milljónir kr. á árinu og nemur það nú 62.436.369 kr. Vegna uppsafnaðs taps fyrri ára greiðir félagið ekki tekjuskatt fyrir árið 2022 en í árslok var uppsafnað tap þess 6.956.910 kr. Frá því að rekstur félagsins var færður í núverandi horf árið 2015 hefur afkoma og eiginfjárstaða þess þróast með jákvæðum hætti. Langtímalán og greiðslubyrði af þeim hefur farið hratt lækkandi.

Helstu fjárfestingar ársins á liðnu ári voru:

- Sett var viðbót (RePro) í mjaltþjón í mars 2022 sem á að efla verulega árangur og skilvirkni frjósemiseftilits og sæðinga með prógestorónmælingum. Búnaðurinn fylgist með gangmálum, staðfestir fang, tekur eftir fangmissi og öðrum frjósemisvandamálum.
- Nýr DeLaval sveiflukúabursti sem dregur úr streitu gripanna og eykur vellíðan.
- Í febrúar 2022 var sett upp togvinduflórsköfukerfi hjá mjólkurkúnum en vélbúnaður var keyptur 2020. Hefur það reynst mjög vel, bæði hvað varðar rekstraröryggi og rekstrarkostnað. Nú er tíð vökvasköfukerfis liðinn en áhugavert væri að reyna að átla hvað það hefði kostað reksturinn í varahlutum, olíum, töpuðum vinnutíma starfsmanna ásamt piringi og ergelsi sem ekki verður metið til fjár frá því að fjósið var reist 2004. Sambærilegt togvindukerfi hefur verið í rekstri uppeldismegin í ríflega þrjú ár án nokkra vandkvæða
- Keyptur var niðurlagningabúnaður frá Joskin á haugsuguna og reyndist hann vel. Kaupin voru meginforsenda þess að draga úr kaupum á tilbúnum áburði enda á þessi búnaður að auka nýtingu áburðarefna í búfjáráburði og einnig var keyrt meira af mykju á tún á milli slátta en áður hafði verið tíðkað.
- Búreksturinn hafði líka yfir auknu úrvali verkfæra að ráða sér í lagi á sviði jarðræktar, má þar nefna plógherfi, 6 metra sáðvél á valta með jöfnunarborði, 5 metra pinnatætara, diskaherfi, GPS/tölvustýrður vigtaráburðardreifari, varnarefnadæla og rúlluvagn.
- Ekki var heldur slegið stöku við í ræktun og fjárfest dyggilega þar eins og síðustu ár en um 30 hektarar voru til endurræktunar.

Búið tók virkan þátt í rannsóknastarfi LbhÍ, þá aðallega við jarðræktarrannsóknir en sérstaklega má telja fram að búið var aftur virkur þátttakandi ásamt LbhÍ í verkefninu “sjálfbær áburðarnýting” sem snýst um að þróa og leita að innlendum áburðargjöfum. Fjósið var vettvangur rannsóknarverkefna t.d. víðamikils doktorsverkefnis er snýr að kálfadauða í íslenska kúakyninu og sumarið 2022 fór fram víðamikil beitarrannsóknarverkefni. Ekki má heldur gleyma metanbásnum Mumma (C-Lock Greenfeed) sem mældi iðragerjun hjá mjólkurkúnum, geldkúnum og elsta kvíguhópnum. Hann var svo færður í önnur fjós á suðurlandi og mun snúa aftur til frekari rannsóknastarfa í Hvanneyrarfjósi enda hafa yfirvöld komið með fjármagn í frekari iðragerjunarrannsóknir.

LbhÍ og búið í samstarfi við Veðurstofu Íslands settu upp nýja fullkomna búveðurstöð á Hvanneyri á svokölluðum Ásgarðshól og jarðveghitamæli í Biafra, hún er þó ekki enn komin í fullan rekstur þegar þetta er skrifað. Búið var líka í samstarfi við starfsmenn Landmælinga Íslands en það snérist um að prófa ódýrt en nákvæmt (2-5 cm) GPS-leiðsagnarkerfi til landbúnaðarnota. Var birt grein um þetta í bændablaðinu, búið nýtir sér þessa tækni óspart og reynist hún mjög vel.

Með haustinu 2021 var ljóst að mikil röskun hafði orðið á aðfangakeðjum í alþjóðaviðskiptum í kjölfar Covid-19 og verð á jarðgasi hafði margfaldast á örfáum mánuðum. Afleiðing þess var að verð á tilbúnum áburði ríflega tvöfaldaðist ekki varð það til þess að bæta úr skák að alræðis- og einræðisöfl í Rússlandi efndu til stríðs við Úkraínu í febrúar 2022 sem olli skelfilegum afleiðingum og verðhækkunum á kornvörum og frekari röskunum á alþjóðaviðskiptum.

Stjórn leggur áfram áherslu á uppbyggingu á aðstöðu og búnaði Hvanneyrarbúsins til að viðhalda og bæta aðstöðu til rannsókna og tilrauna. Áfram verður sótt um styrki til að fjármagna viðunandi rannsóknaraðstöðu fyrir einstaklingsfóðrunar-, verkunar-, umhverfis-, aðstöðu- og velferðartilraunir tengdri nautgripærækt.

Landbúnaðarháskólinn hefur verið að efla aðstöðu sína í jarðrækt og rannsóknir á því sviði hafa farið vaxandi. Áfram verður hugað að aukinni sjálfbærni og samstarfsverkefnum við skólann á því sviði.

Karl Vernharð Þorleifsson lét af störfum sem fjósameistari fyrir búið í byrjun maí 2022 og við starfi hans tók Björn Ingi Ólafsson. Pétur Snær Ómarsson var svo aðal dráttarvélaekill búsins um sumarið og Sunna Skeggjadóttir var verknemi/starfsmaður

Stjórn Hvanneyrarbúsins ehf. þakkar starfsmönnum fyrir gott samstarf á árinu.

31. mars 2023
Stjórn Hvanneyrarbúsins
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir
Baldur Helgi Benjamínsson
Pétur Diðriksson